

Þá skorar Alþingi á ríkisstjórnina að hlutast til um, að lög nr. 51 frá 28. jan. 1935, um verzlun með tilbúinn áburð, verði numin úr gildi hið fyrsta og að innflutningur tilbúins áburðar verði gefinn frjáls, þar til niðurstaða er fengin af störfum nefndarinnar.

Greinargerð.

Örðugleikar þeir, sem að landbúnaðinum hafa steðjað upp á síðkastið, hafa orðið mönnum æ meira áhyggjuefni, og ekki hvað sízt sá þáttur, sem siendurtekinn uppskerubrestur vegna kalskemmda hefur valdið bændum, og ekki séð fyrir það enn, hvort fjöldinn allur fær staðizt slík áföll æ ofan í æ, jafnvel þótt hið opinbera hafi reynt að koma til aðstoðar. Þótt ekki sé gert lítið úr þeirri aðstoð, hefur hún hrokkið skammt, enda að vonum, þar sem heyfengur í heilum sveitum var á s. l. hausti aðeins helmingur af því, sem hann var fyrir tveim árum, og var það þó ekkert metár hvað heyfeng snerti, síður en svo, enda hefur uppskerumagn af hverjum hektara ræktaðs lands farið jafnt og þétt minnkandi síðan 1960 og er nú orðið minna en það var um s. l. aldamót, þrátt fyrir sífellt aukna áburðarnotkun.

Sá grunur hefur leitað meir og meir á hug bænda, að áföll þau, sem þeir hafa hlotið vegna uppskerubrests, séu fyrst og fremst að kenna þeim köfnunarefnisáburði, sem þeir hafa orðið að nota vegna þess, að eins og flestir vita framseldi ríkisstjórnin á sínum tíma áburðarverksmiðjunni í Gufunesi einkasölu ríkisins á tilbúnum áburði og síðan hafa bændur orðið að kaupa upp framleiðslu hennar af Kjarna, áður en óskir þeirra hafa fengizt uppfylltar um annan köfnunarefnisáburð. Nú má öllum vera það ljóst, að minnkandi afrakstur af ha. segir ekki allt í þessu efni, því að vitað er, að bændur hafa undanfarin ár aukið beit á ræktað land, og auðvelt að kenna veðurfarinu um og fleiru, sem ekki verður rakið hér.

En þá kemur annað til, sem styður þennan grun þeirra.

Á vegum Tilraunaráðs jarðræktar hafa verið gerðar samanburðartilraunir á notkun Kjarna og kalsaltpéturs sem köfnunarefnisáburðar, miðað við grunnáburð af steinefnum 70 kg af fosfórsýru og 100 kg af kali á ha. Sé lagt til grundvallar það köfnunarefnismagn, sem bændur nota að meðaltali á ha., eða rúm 100 kg, kemur í ljós, að uppskerumismunurinn Kjarnanum í óhag verður 9.5 hestburðir af ha. eða 171 hestburður af meðaltúninu, sem er talið 18 ha. að stærð á býli.

Sé notaður enn stærri köfnunarefnisskammtur en þetta, eða allt að 180 kg á ha., fer að bera á varpasveifgrasi og kalblettum í tilraunareitunum, þar sem Kjarninn hefur verið notaður. Enn fremur má geta þess, að calsiúmminnihald uppskerunnar er allt að helmingi meira í tilraunareitunum, þar sem kalsaltpétur hefur verið notaður. Þessar niðurstöður eru fengnar þar, sem hvað mestri natni og samvizkusemi hefur verið beitt í sambandi við tilraunirnar, og vita flm. ekki til þess, að neinn hafi vefengt þær, enda eru þær bírtar af Tilraunaráði jarðræktar og Atvinnudeild háskólans.

Út frá þessu má svo minna á stóraukinn innflutning á fóðurbæti, vegna heyskorts, og síaukna sjúkdóma í búfénaði, sem rekja má til steinefnaskorts og enginn hefur treyst sér til að meta, hve miklu tjóni veldur. Allt verður þetta til þess að kippa stoðunum undan efnahag bænda og gera framleiðslu búvaranna mun dýrari en hún þarf að vera, en allt lendir það að lokum á hinum almenna neytanda í hækkuðu búvöruverði.

Til eru þeir menn, sem bentu á það þegar í upphafi, að verksmiðja eins og sú, sem reist var í Gufunesi til framleiðslu á köfnunarefnisáburði, hentaði okkur ekki. Þeir menn voru ráðum bornir, en reynslan sýndi það fljótlega og hefur sannað síðar, svo að ekki verður um deilt, að þeir höfðu á réttu að standa.

Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til að breyta framleiðslu verksmiðjunnar, en allt hefur komið í einn stað niður, og framleiðslan er enn jafnóhentug og hún var fyrstu daga hennar.

Um það hefur verið rætt nú upp á síðkastið, að endurbygging verksmiðjunnar

eða bygging nýrrar yrði ekki umflúin. Í því efni bólar þó ekkert á framkvæmdum. En þangað til áburðarverksmiðjan hefur verið endurbætt, eða önnur ný reist í hennar stað, sjá flm. enga ástæðu til þess, að bændur séu bundnir við þann klafa, sem einkasala á tilbúnum áburði er þeim í höndum verksmiðjunnar. Flm. vilja, að lög nr. 51 frá 28. jan. 1935, um einkasölu á tilbúnum áburði, verði því numin úr gildi og innflutningur á áburði gefinn frjáls, að svo miklu leyti sem önnur gildandi lög um innflutning tilbúins áburðar heimila.